



1. Umhverfisnefndarfundur

Mættir: Sirrý, Haukur, Alexandra, Óðinn Þór, Tryggvi Hrafn, Kristófer Hrafn, Magnús Örn, Alexíus Máni, Jörundur, Árun Emma, Magnús Veigar, Tina, Elín Victoría og Reimar Atli (Oliwia var ekki mætt)

- Fundur var settur
- Byrjað var á upprifjun
 - Við fengum umhverfisviðurkenningu fyrir 2 árum sem er fáni, hvað heitir þessi fáni? Mikil umræða skapaðist og kom svo upp úr krafsinu að fáninn hét Grænfáninn.
 - Rætt var um hvað það þýddi að vera með Grænfánann. Allir með á nótunum 😊
 - Skoðuðum fánann og ræddum um að fara að flagga honum fljótlega. Fánastöngin er erfið en Haukur ætlar að reyna að græja það fyrir okkur.
- Alexandra ræstitækirinn okkar og eldhússtarfsmaður er ný í umhverfisnefndinni, en hún kemur í stað Huldu Hrannar. Alexandra er landfræðingur og kynnti fyrir okkur hvað það er að vera landfræðingur. Hún sagði okkur einnig frá því að hún hefði starfað á gámastöð og tók hún þátt í að útskýra spilliefnagáminn fyrir börnunum.
- Upprifjun á flokkun
 - Hvaða rusl flokkum við í Leikholti?
 - Plast-pappír-ál-lífrænt-spilliefni (þeir flokkar sem börnin koma að)
 - Ræddum um ástæðu flokkunar. Heilmikil umræða sem skapaðist, börnin voru alveg með þetta á hreinu.
 - Einnig rifjuðum við upp markmiðin okkar frá því í vor.
- Nýtt þema og ný markmið.
 - Ákváðum að læra meira um flokkun og endurvinnslu. Með áherslu á það að fræðast um ferlið frá því við flokkum og þar til sorpið hefur verið endurunnið. Höldum áfram með árlegu markmiðin okkar sem tengjast lífríkinu, nærumhverfi og fuglum.
- Fundi slitið